

Norðurþing
Stjórnsýsluhús
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Húsavík 19. janúar 2023

Efni: Athugasemd við tillögu að breytingu deiliskipulags Norðurhafnar á Húsavík

Undirrituð vill koma með eftirfarandi athugasemdir við breytingartillöguna og mótmæla því að svæði H2 verði breytt í svæði fyrir úrvinnslu sjávarfangs. Ástæður þess að ég leggst gegn því er að sem íbúi í næsta nágrenni tel ég ekki að slík starfsemi eigi heima svo nálægt mínu hverfi og nú þegar sé nóg um aðra atvinnustarfsemi á svæðinu í tengslum við slökkvistöð, Eimskip og atvinnustarfsemi því tengda.

Því leggst undirrituð gegn skipulagsbreytingu sem miðar að því að byggja upp verksmiðju fyrir vinnslu stórþara á hafnarsvæðinu og má þar nefna þar eftirfarandi þætti því til stuðnings:

- Áform sem þaraverksmiðja hefur kynnt benda til mjög mikils umfangs og magns hráefnis og vinnsla á þessu svæði því mjög yfirgnæfandi fyrir nú þegar aðþrengt svæði
- Óvissa er alger um lykt- og efnamengun og óþægindi fyrir íbúa og atvinnulíf í nágrenni þessarar risaverksmiðju. Nú þegar er lyktarmengun frá GPG afar hvítleið og ekki á það bætandi.
- Afleit sjónræn áhrif af gríðarstórri verksmiðjuskemmu sem blasir við öllum sem fara um miðbæ Húsavíkur.
- Á Húsavík koma um 400 þús. ferðamenn og ferþjónusta er orðin ein af undirstöðum atvinnulífs. Verksmiðjur af þessu tagi, með þetta umfang þarf að staðsetja utan miðbæjar.
- Óvissa um útfærslu löndunar, ef landa á 30 tonnum á dag (á rannsóknaleyfistíma) og 100+ tonnum á dag (ef nýtingarleyfi fæst) þarf gríðarlega flutninga frá suðurhluta hafnar, þar sem löndun sjávarfangs fer fram, yfir í norðurhluta. Þessir flutningar margfalda þá þungaumferð um miðju Hafnarstéttar, þar sem sveitarfélagið sjálf hefur verið að skipuleggja um árabíl útivistar-, göngu-, markaðs-, og ferðþjónustusvæði í auknum mæli.

Þessu tengt, hef ég áhyggjur af mínum börnum sem hafa í gegnum árin haft greiðan aðgang og ánægju af nálægð við höfnina, nýtt sér þá litlu fjöruspildu sem eftir er norðan við Slippinn en með vaxandi umferð og starfsemi á þessu svæði, mun það hafa truflandi áhrif með aukinni umferð og þungaflutningum tengdri vinnslu sjávarfangs á þessum bletti.

Virðingarfyllst,
Þórunn Harðardóttir
Íbúi að Höfðavegi 15, 640 Húsavík